

Fjölís hagsmunasamtök
Ársreikningur 2021

Fjölís hagsmunasamtök.
Barónsstíg 5
101 Reykjavík

kt. 491285-0289

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar

Fjölís er hagsmunafélag sjö höfundaréttarsamtaka sem koma fram fyrir hönd rétthafa að verkum sem njóta höfundaréttar og nýtt eru með ljósrítun, skönnun, rafrænni eftirgerð eða annarri hliðstæðri eftirgerð. Fjölís hefur það ekki að markmiði að safna eignum í eigin þágu. Heimild Fjölís er að finna í gr. 26.b. höfundalaga nr. 73/1972 og samþykktum fyrir Fjölís nr. 494/1985, með síðari breytingum, sem staðfestar eru af mennta- og menningarmálaráðherra.

Samkvæmt rekstrarreikningi var úthlutun ársins og annar kostnaður umfram tekjur og afkoma ársins jákvæð að fjárhæð 5,5 millj. kr. á árinu. Eigið fé félagsins í árslok nam 12,7 millj. kr.

Í ágúst 2019 var gerður samningur við Mennta- og menningamálaráðuneyti um ljósrítun og hliðstæða eftirgerð verka til afnota í skólum. Samningurinn gildi til ársloka 2021. Samningurinn hefur ekki verið endurnýjaður og því óvissa um tekjuöflun ársins 2022.

Stjórn Fjölís hefur í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2021 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn leggur til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 12. maí 2022.

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Fjölís hagsmunasamtaka.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Fjölís („félagið“) fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2021 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlumum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhá innra eftirliti.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 12. maí 2022.

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur árið 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrartekjur:			
Tekjur		<u>147.235.743</u>	<u>150.103.724</u>
Rekstrargjöld:			
Laun og tengd gjöld	2	4.724.647	4.546.178
Laun stjórnar		4.613.311	4.152.650
Úthlutanir		128.950.681	139.360.880
Annar rekstrarkostnaður		<u>3.581.707</u>	<u>4.509.518</u>
		<u>141.870.346</u>	<u>152.569.226</u>
Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		5.365.397	(2.465.502)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:			
Vaxtatekjur		142.034	208.815
Vaxtagjöld		<u>(35.826)</u>	<u>(87.944)</u>
		<u>106.208</u>	<u>120.871</u>
Afkoma ársins	3	<u><u>5.471.605</u></u>	<u><u>(2.344.631)</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr.	2021	2020
Eignir:			
Viðskiptakröfur		2.349.098	1.125.245
Aðrar kröfur		63.617	113.427
Handbært fé		14.427.056	6.337.470
Veltufjármunir samtals		<u>16.839.771</u>	<u>7.576.142</u>
Eignir samtals		<u>16.839.771</u>	<u>7.576.142</u>
Eigið fé:			
Eigið fé		12.689.131	7.217.526
Eigið fé samtals	3	<u>12.689.131</u>	<u>7.217.526</u>
Skuldir:			
Ógreidd úthlutun ársins		656.071	0
Viðskiptaskuldir		3.494.569	358.616
Skuldir samtals		<u>4.150.640</u>	<u>358.616</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u>16.839.771</u>	<u>7.576.142</u>

Sjóðstreymisýfirlit árið 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrarhreyfingar:			
Afkoma ársins	3	5.471.605	(2.344.631)
Veltufé frá (til) rekstrar		5.471.605	(2.344.631)
Breytingar rekstartengda eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun	(1.174.043)	1.479.208
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		3.792.024	(731.864)
Breytingar rekstartengdra eigna		2.617.981	747.344
Handbært fé frá (til) rekstrar		8.089.586	(1.597.287)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		8.089.586	(1.597.287)
Handbært fé í ársbyrjun		6.337.470	7.934.757
Handbært fé í lok ársins		14.427.056	6.337.470

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

b. Innlausn tekna

Innlausn tekna byggist á samningum við Ríkissjóð, sveitarfélög og fleiri aðila vegna fjölföldunar og annarrar eftirgerðrar höfundarverka.

c. Úthlutun

Tekjum félagsins er úthlutað til aðildarfélaga samtakanna, eftir að tekið hefur verið tillit til rekstrarkostnaðar á hverjum tíma. Úthlutun til aðildarfélaga byggir á samkomulagi þeirra um mælda og áætlaða hlutdeild hvers félags í mismunandi tegundum samninga.

d. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2021	2020
Laun	3.709.132	3.645.030
Launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður	1.015.515	901.148
	<u>4.724.647</u>	<u>4.546.178</u>

Einn starfsmaður starfaði hjá félaginu á árinu.

3. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	2021	2020
Eigið fé 1.1.2021	7.217.526	9.562.157
Afkoma ársins	5.471.605	(2.344.631)
Staða 31.12.2021	<u>12.689.131</u>	<u>7.217.526</u>

Skýringar, frh.:

Varasjóður

Hlutverk varasjóðs er að til séu fjármunir til að standa straum af greiðslu höfundaréttargjalda vegna krafna frá höfundum utan hagsmunasamtaka, sbr. grein 4.3. í samþykktum fyrir Fjölís. Eignir og eigið fé varasjóðs greinast þannig:

	2021	2020
Handbært fé 1.1.	5.318.799	5.289.153
Vaxtatekjur og fjármagnstekjuskattur	17.390	29.646
Handbært fé 31.12.	<u>5.336.189</u>	<u>5.318.799</u>
Eigið fé 1.1.	5.318.799	5.289.153
Vaxtatekjur og fjármagnstekjuskattur	17.390	29.646
Eigið fé 31.12.	<u>5.336.189</u>	<u>5.318.799</u>